

Fundarritari: Krístrún Birgisdóttir

Dags: 14.11.2024

Tilefni: Skólanefndarfundur

Fundinn sátu: Sigríður, Petra, Róbert, Magnús, Sara, Jenný, Pétur og Krístrún sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Margrét og Ágúst (gleymdist að boða á fundinn).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Skólastarfið, skólameistari.

Magnús fór yfir skólastarfið á önninni og sagði m.a. frá heimsókn forseta Íslands, Evrópuverkefnum, skólafrundi, vinnu við kynningarmyndbönd fyrir fjarnám, heimsókn ráðgjafa Reykjavíkurborgar, skuggakosningum, íþróttakeppni, fríbúðinni og skólaballi. Í máli Magnúsar kom einnig fram að skólinn væri „réttu megin við núllið“ í rekstri en 75% framhaldsskóla eiga í rekstrarvanda. Langtímaveikindi starfsmanna hafa kostað mikið á þessari önn en forfallakennsla vegna veikinda hefur að mestu verið greidd öðrum kennurum í yfirvinnu. Rætt var almennt um veikindarétt og spurt hvort aðrir skólar væru með sérstakan sjóð til að greiða fyrir forfallakennslu vegna veikinda. Því var svarað neitandi.

3. Fjárhagsáætlun lögð fram til umfjöllunar.

Fjárhagsáætlun var ekki lögð fram á þessum fundi. Óskað var eftir því að skólanefnd fengi senda fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta fund og að hún yrði tekin til umfjöllunar á næsta fundi. Sigríður sagði að það væri betra að fá áætlunina betur sundurliðaða en síðast. Magnús útskýrði að áætlunin væri greind niður á marga bókhaldslykla í kerfinu sem væri erfitt að prenta út.

4. AM nemendur.

Sigrún Eiríksdóttir deildarstjóri AM nemenda sagði frá stöðu mála en fyrir fundinn höfðu fulltrúar í skólanefnd fengið senda fundargerð frá deildarfundum AM kennara. Sigrún sagði m.a. að draumurinn væri að hafa íslenskubraut við skólann þar sem nemendum yrði eingöngu kennd íslenska og fengju að loknu námi eitthvað skírteini sem auðveldaði þeim aðgang að frekara námi eða vinnu. Rætt var vítt og breytt um stöðu AM nemenda. Hér verða nefndir punktar frá þeirri umræðu:

- Fara í herferð, fá fleiri skóla í lið með okkur. Setja upp plaköt „hér tölum við íslensku.“
- Allt of mikil enska töluð við AM nemendur.

- Alltaf ákveðinn hópur sem er með ólæti, ekki bundið við AM nemendur
- Allur þessi fjöldi „setur stimpil á skólann“
- Allir ættu að taka við AM nemendum.
- Hér áður fyrr var alltaf verið að tala um félagslíf sem lagaðist þegar skólar tóku sig saman. Er ekki hægt að gera það sama með AM nemendur
- Frábært að þau fari ekki í almenna áfanga fyrr en þau eru búin að ná tökum á tungumálinu
- Spurning með samstarf við Álftamýrarskóla þar sem mikið er af erlendum nemendum
- 17% AM nemendur er of hátt hlutfall
- Af hverju getum við ekki synjað eins og aðrir skólar. Því var svarað til að skólinn þyrfti að fara að lögum og reglugerðum og við fengjum ekki það margar umsóknir að við gætum synjað nemendum.

Sigríður sagði að það væri gaman að fá Sigrúnu síðar á fund til að ræða þessi mál frekar. Magnús sagði frá breytingum sem yrðu frá og með næstu önn þar sem AM nemendur yrðu í fleiri tímum í íslensku á viku en áður.

5. Öryggismál skólans.

Ekki náðist að ræða þennan lið og honum frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál.

Jenný spurði hvenær yrði hætt að kenna Brennu Njálssögu í skólanum og óskaði jafn fram eftir því að einkunnadreifing í þeim áfanga yrði skoðuð.

Fundi slitið klukkan 13:20 og næsti fundur boðaður þann 29. janúar 2025.